

### Hálingresi (*Agrostis capillaris*, *A. tenuis*, *A. vulgaris*)

Enska; Common (UK), colonial (USA) bentgrass, danska; Almindelig Hvene, norska; Engkvein, sænska; Rödven

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Hálingresi er blaðríkt, fjölært, miðlungs hávaxið, lausþýft puntgras, með stuttar jarðrenglur. Punturinn er mjög fingerður og rauðbrúnleitur. Axagnir eru 3-3,5 mm langar. Smáox eru einblóma. Stönglar eru grannir og vilja leggjast í frjósömu landi. Blöðin eru fremur stutt, ljósgræn, lensulaga, mjúk og flöt. Tegundin er nokkuð breytileg og stundum skipt upp í fleiri deilitegundir.

Hálingresi er með algengustu þurrlandisgrös um á Íslandi og finnst í allt að 750 m.y.s. Það er ríkjandi í gömlum tünnum á sumum landsvæðum, sérstaklega á Suðurlandi og þar sem sýrustig jarðvegs er lágt.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hálingresi er ekki lengur eftirsótt fóðurgras þar sem fóðrunarvirði þess er ekki eins gott og annarra fóðurgrasa eins og vallarfoxgrass og vallarrýgresis. Það er engu að síður undirstöðu fóðurgras í gömlum tünnum á vissum svæðum og er sú grastegund sem vex við hvað lægsta sýrustig. Það fer mjög seint af stað á vorin og er seinþroska. Það má bæði beita og/eða slá. Eins og með önnur grös næst ágætt fóðurgildi með því að slá hálingresið um eða fyrir skrið en það þykir ekki sérlega lystugt, m.a. vegna ryðsveppa, þó að skepnur éti það bjóðist ekki annað. Þurrefnisuppskeran er venjulega rétt yfir meðallagi. Língresi núorðið er nær aldrei sáð í tún en kemur inn í tún að sjálfsdáðum.



#### Ræktunarleiðbeiningar

Hálingresi þolir betur en önnur grös súran og oft illa framræstan jarðveg. Það má annars rækta í margsvíslegum jarðvegi nema helst mjög sendnum. Hálingresisfræ spíra nokkuð hratt en eru lengi að róta sig og gefa ekki mikla uppskeru á fyrsta ári. Yfirleitt er til eitthvað af yrkjum á markaði (Sjá Nytjaplöntur á Íslandi, rit LbhÍ og BÍ, sem kemur út árlega). Þúsundkorna þyngd língresisfræs er um 0,06-0,08 g og sáðmagn í hreinrækt er um 10 kg á ha. Sáðdýpt er 1 sm og sáðbeðið á að vera þétt og fínunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Það gerir svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá Handbók bænda). Nauðsynlegt er að fylgjast vel með illgresi fyrsta árið og bregðast við tímalega með réttum illgresislyfjum ef svo ber undir.

